

Nr. 17-184 S 134 Drangavík VE 80***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2048 IMO 8812045
Smíðaður: Portúgal 1991, stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 356,5 BT
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m
Vél: Deutz 465 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Drangavík © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. desember 2017 var Drangavík VE 80 á togveiðum vestast á Síðugrunni. Veður: V 10 m/s.

Skipverjinn lá á hnjánum og var að skera aflanema af trollinu þegar skipið tók veltu og við það féll hann fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hnífurinn, sem hann var með, stakkst í innanvert hægra lærið á honum. Siglt var með slasaða til Vestmanneyja.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var að ljúka veiðiferð og skipverjar að ganga frá veiðarfærum;
- að hnífurinn (*sjá mynd*) fór inn að beini;
- að stýrimaðurinn saumaði sárið saman þar sem mikið blæddi úr því;
- að eftir skoðun lækna í Vestmanneyjum var skipverjinn sendur með þyrlu til Reykjavíkur á sjúkrahús til aðhlyningar.



Samskonar hnífur og slasaði notaði

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.